

Haustskýrsla Félak

Forvarnir og Félagsmiðstöðvar á Akureyri

Veturinn 2016 – 2017

Efnisyfirlit

Markhópur	3
Starfsfólk	3
Samvinna milli stofnana og deilda	4
Samvinna við foreldra	4
Erlend samskipti	5
Novu	5
Laterna samstarf	5
Forvarnarstarf Félak	6
Litla- og Stóra forvarnarteymi	6
Fjölmíðlasamskipti	7
Dagstarf	7

Félagsmálafræðival	8
Ungmennaráð	8
Klúbbaval	8
Miðstig - opið hús	9
7. bekkur - opið hús	9
Kvöldstarf – opið hús	9
Stærri viðburðir Félak	10
Amazing Race	10
Landsmót Samfés	10
Hrekkjavaka	10
Norðurlandsmót	10
Stulli	11
Sértækt starf	11
Klúbbar	12
5. – 6. bekkjar klúbbur og 7. bekkjar klúbbur	12
Búi	13
VIP (Very Important People)	14
Skólasmiðja	14
Persónuleg ráðgjöf	15
1, 5, 8 Foreldrakynningar	15
Aðstoð í unglingabekk á Brekkunni	15
Aðstoð í bekkjum í Þorpinu	16
Aðstoð við heimili og skóla	16
Lokaorð Félak	17
Aðsóknartölur Félak	18
Opið Starf	18
Trója	18
Dimmuborgir	19
Himnaríki	21
Stjörnuríki	22
Undirheimar	23
Sértækt Hópastarf	24
Klúbbar fyrir 5. og 6. bekk	24
Klúbbar fyrir 7. bekk	25
VIP	26
Búi	26
Liljur	26

Félag

Á Akureyri eru starfræktar fimm félagsmiðstöðvar sem allir grunnskólar sveitarfélagsins hafa aðgang að. Allt starfsfólk Félag vinnur að sameiginlegum markmiðum og þjónustaraldurshópin 10 – 16 ára. Þeir skólar sem eru staðsettir utan Akureyrar fá þjónustu í formi námskeiða, fræðslu og ráðgjafar. Hríseyjarskóli og Hlíðarskóli fá reglubundna þjónustu en Grímseyjarskóli er þjónustaður eftir aðstæðum.

Umsjónarmenn félagsmiðstöðvanna starfa sem forvarna- og félagsmálaráðgjafar hjá Akureyrarbæ og sjá því einnig um aðgerðaráætlun forvarna fyrir 0 – 25 ára samhliða starfinu í félagsmiðstöðvunum.

Börn og unglingar í bænum geta sótt þá félagsmiðstöð sem þau kjósa óháð sínum heimaskóla. Opið er fjögur kvöld í viku í mismunandi félagsmiðstöðvum fyrir unglinga og einnig eru reglulegir viðburðir um helgar. Að auki er fjölbreytt klúbbastarf fyrir alla aldurshópa sem dreifist á alla virka daga. Í öllum grunnskólum er kennd valgrein, félagsmálafræði, fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Auk þessara hefðbundnum starfa hafa umsvif Félag aukist síðustu ár og má þar meðal annars nefna Skólasmiðju og fleiri sértæk verkefni.

Markhópur

Sá markhópur sem starf Félag beinist mest að eru nemendur í 5. – 10. bekkur en fyrir þann hóp er margvíslegt starf í boði. Í samráði við námsráðgjafa er sóst eftir því að ná til þeirra barna og unglinga sem ekki teljast félagslega virkir og leitast eftir að efla félagslega hæfni þeirra og þroska. Sveigjanleiki í starfi er ein forsenda þess að geta brugðist við þörfum og oftar en ekki eru búnir eru til sértækir hópar þegar við á. Leitast er eftir því að á hverri opnum og í hverjum klúbb séu umsjónarmenn af báðum kynjum til tryggja börnum og unglingum aðgang að sterkum kynjafyrirmyndum.

Starfsfólk

Alfa Aradóttir, forstöðukona forvarna- og æskulýðsmála á Akureyri. Hún er menntaður Tómsunda- og félagsmálafræðingur.

Umsjónarmaður Dimmuborga (Giljaskóli) er Hlynur Birgisson forvarna- og félagsmálaráðgjafi en hann er lærður fjölmiðlafræðingur. Honum til aðstoðar er Sólveig María Árnadóttir, tímastarfsmaður.

Umsjónarmaður Himnaríkis (Glerárskóli) er Dagný Björg Gunnarsdóttir forvarna- og félagsmálaráðgjafi en hún er með BA próf í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands. Henni til aðstoðar er fyrir áramót Ingólfur B. Stefánsson, tímastarfsmaður.

Umsjónarmaður Stjörnuríkis (Oddeyrarskóli) er Katrín Ósk Ómarsdóttir forvarna- og félagsmálaráðgjafi en hún er menntaður grunnskólakennari. Henni til aðstoðar er Arnór Heiðmann, tímastarfsmaður.

Umsjónarmaður Undirheima (Síðuskóli) er Linda Björk Pálsdóttir forvarna- og félagsmálaráðgjafi en hún hefur stundað nám við Tómsunda- og félagsmálafræði í HÍ. Henni til aðstoðar er Björgvin Steinþórsson, tímastarfsmaður.

Umsjónarmenn Tróju eru þrír, einn fyrir hvern skóla á brekkunni:

Anna Guðlaug Gísladóttir er forvarna- og félagsmálaráðgjafi Lundarskóla en hún hefur lokið BA prófi í sálfræði og hefur stundað nám í Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn ungs fólks á meistarastigi við HÍ.

Guðmundur Ólafur Gunnarsson er forvarna- og félagsmálaráðgjafi Brekkuskóla er með B.SC. í Umhverfis- og orkufræði og sækir meistaránám í kennsluréttindum við Háskóla Akureyrar.

Vilborg Hjörny Ívarsdóttir er forvarna- og félagsmálaráðgjafi Naustaskóla en hún hefur lokið BA prófi í félagsfræði, MA prófi í Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn ungs fólks og diplóma í kennslufræðum á meistarastigi.

Þeim til aðstoðar eru Tinna Dögg Magnúsdóttir og Angantýr Ómar Ásgeirsson tímastarfsmenn.

Ólafía Kristín Guðmundsdóttir (Lóa) er félagsráðgjafi og starfar sem sérfræðingur í hópastarfi/félagsmálum barna og hefur umsjón með sértæku hópastarfi fyrir miðstig í þorpinu og annarra verkefna s.s. fræðslu og persónulegri ráðgjöf.

Fanney Kristjáns Snjólaugardóttir sem hefur lokið BA prófi í þjóðfélagsfræði og Tónlistarkennaramenntun frá FÍH starfar sem sérfræðingur í hópastarfi/félagsmálum barna og hefur umsjón með sértæku hópastarfi fyrir miðstig auk annarra verkefna, s.s. fræðslu og persónulegri ráðgjöf.

Samvinna milli stofnana og deilda

Starfsfólk Félak leggur mikið upp úr góðum samskiptum við aðrar stofnanir og deildir Akureyrarbæjar sem koma að málefnum barna og unglunga með það fyrir augum að nýta sem best þá krafta sem í boði eru og mynda tengingar á milli stofnanna sem þurfa að eiga í samstarfi vegna barna og unglunga í þeirra sveitarfélagi.

Samskipti við starfsfólk skólanna eru mikilvægur þáttur í starfinu og funda umsjónarmenn félagsmiðstöðvanna reglulega með námsráðgjöfum og/eða deildarstjórum og hafa greiðan aðgang að skólastjóra. Með árunum hefur skapast mikið traust sem er grundvöllur góðra samskipta og því má áætla að samvinnan skili sér í aukinni velferð barna og unglunga.

Samvinna við fjölskyldudeild hefur á undanförunum árum aukist jafnt og þétt og er úrræðið Skólasmíðja meðal annars afrakstur þeirrar samvinnu.

Samvinna við foreldra

Mikilvægur þáttur í starfi Félak er að eiga góð samskipti við stofnanir og starfsfólk bæjarins en ekki síður við foreldra þeirra barna og unglunga sem þeir sinna.

Félagsmiðstöðvarnar senda reglulega út fréttabréf þar sem fjallað er um viðburði sem hafa verið eða eru framundan. Með fréttabréfinu fylgir dagskrá bæði fyrir miðstig og efstastig grunnskólanna. Auk þess er að finna upplýsingar um starfsemi félagsmiðstöðvanna og starfsfólk þeirra á vefsíðum hvers skóla. Einnig er öðrum upplýsingum komið á framfæri í gegnum Mentor kerfið þar sem foreldrar fá meðal annars upplýsingar um forvarnafræðslur sem nemendur fá sem og þá fræðslu sem þeim sjálfum stendur til boða. Auk þess hafa allar félagsmiðstöðvarnar síðu á Facebook þar sem foreldrum er velkomið að fylgjast með.

Áður en haldið er af stað á stærri viðburði á vegum Félak eru haldnir foreldrafundir þar sem foreldrar eru upplýstir um dagskrá viðburðarins.

Ýmis vinna á vegum Félak, s.s. hópavinna og klúbbar krefjast meiri samvinnu við foreldrana en önnur og þá fer hún fram í gegnum síma, með fundum eða reglulegum tölvupóst samskiptum.

Starf Félak hefur vakið athygli út fyrir sveitarfélagið og tekur starfsfólkið reglulega á móti starfsfólki annarra félagsmiðstöðva, frístundamiðstöðva og þeirra sem starfa með börnum sem vilja kynna sér þá starfsemi sem hér hefur byggst upp. Hið sama á við um samskipti við sambærilegar stofnanir erlendis sem sækja okkur heim.

Erlend samskipti

Félak tekur þátt í erlendu samstarfi sem er mikilvægt fyrir starfsfólk en ekki síður fyrir ungmennin sem fá tækifæri til að kynnast jafnöldrum erlendis og víkka sjóndeildarhringinn.

Novu

Akureyrarbær tekur þátt í árlegu vinabæjarmóti sem haldin eru til skiptis í norrænu vinabæjunum Ålesund í Noregi, Lahti í Finnlandi, Randers í Danmörku, Västerås í Svíþjóð og Akureyri. Alls taka um 80 ungmenni á aldrinum 16 – 20 ára þátt í vinabæjarmótinu, auk þess sem stjórn mála- og embættismenn heimsækja bæinn. Starfsmaður Félak tekur þátt í undirbúningi í samstarfi við Akureyrarstofu og fylgir ungmennunum á mótið. Að þessu sinni var mótið haldið á Akureyri.

Laterna samstarf

Frá árinu 2011 hefur Félak verið í samstarfi við menningarráð Vesteralen í norður Noregi sem meðal annars sjá um stuttmyndahátíðina Laterna Magica. Reynsla þeirra af stuttmyndagerð er mikil og er til að mynda kvikmyndagerðabraut í framhaldsskóla svæðisins. Samstarfið samanstendur meðal annars af námskeiðum, þátttöku á stuttmyndahátíðum og gerð stuttmynda. Þetta samstarf hefur verið mjög gjöfult og haft mikla þýðingu fyrir þau ungmenni sem það sækja. Sumarið 2015 komu fulltrúar frá Noregi að taka upp stuttmynd

sem var skrifuð og leikstýrð af fulltrúa þeirra en allir leikarar og önnur hlutverk bakvið tjöldin voru í höndum íslenskra ungmenna. Hugmyndin að þessari stuttmynd kviknaði út frá heimsókn Félak á stuttmyndahátíðina Laterna Magica í Vesteralen í Noregi 2013. Myndin var vel unnin og var hún sýnd á kvikmyndahátíðinni Cannes. Verður það að teljast góður árangur og sýnir gæði þessa samstarfs og gildi. Að þessu sinni eru stuttmyndahátíðirnar sem teljast til þessa samstarfs haldnar í ágúst á Íslandi og nóvember í Noregi. Stuttmyndahátíðin á Akureyri ber heitið Stulli og er rætt um hana síðar í skýrslunni undir stærri viðburðum Félak.

Þetta samstarf kallar á tvær ferðir á ári á milli landssteinanna. Norðmenn sækja um styrk til menningarráðs Vesteralen fyrir sínum hluta verkefnisins. Eyþing veitti styrk 2016 fyrir þessum hluta verkefnisins upp á 740.000 kr sem var nýttur haustið 2016.

Samfés

Félagsmiðstöðvarnar á Akureyri eru aðilar að Samfés samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi og taka virkan þátt í starfsemi samtakanna. Við eigum okkar fulltrúa í stjórn Samfés, Linda Björk Pálsdóttir er varaformaður og Dagný Björg Gunnarsdóttir er varamaður. Auk þess hefur starfsfólk Félak setið í ýmsum nefndum á vegum Samfés.

Markmið Samfés er meðal annars að auka samskipti og samvinnu félagsmiðstöðva og efna til verkefna á innlendum og erlendum vettvangi, að koma á framfæri upplýsingum um starf félagsmiðstöðva og undirstrika vægi þeirra í nútíma samfélagi og ekki síst að hafa áhrif á umræðu, hugmyndir og löggjöf um æskulýðsmál á Íslandi. Samfés leggur að sama skapi áherslu á að stuðla að eflingu fagmenntunar starfsfólks á frístundasviði með ráðstefnum og námskeiðum.

Forvarnarstarf Félak

Í öllu starfi Félak eru forvarnir hinn rauði þráður starfsins sama hvort það er í leikjaformi eða beinni fræðslu. Forvarnarstarf hefur löngum sannað gildi sitt í að draga úr áhættuhegðun og annars konar óæskilegum áhrifum á lýðheilsu barna og unglunga.

Umsjónarmenn félagsmiðstöðvanna eru jafnframt umsjónarmenn forvarna. Það fyrirkomulag eykur samstarf Félak við skólanna og auðveldar á margan hátt skipulag og annað samstarf.

Aðgerðaráætlun forvarna Akureyrbæjar má finna á heimasíðu Rósenborgar, rosenborg.is.

Litla- og Stóra forvarnarteymi

Til að hafa yfirsýn yfir það forvarnastarf sem unnið er á Akureyri í málefnum barna og unglunga hafa verið mynduð teymi sem funda reglulega til að samstillja aðkomu ólíkra stofnanna bæjarins í forvarnarmálum. Teymin eru tvö, annars vegar Stóra teymið og hins vega Litla teymið.

Stóra teymið er skipað 23 einstaklingum sem koma að málefnum barna og unglunga á einn eða annan hátt í sveitarfélaginu. Haldnir eru fundir innan teymisins einu sinni að hausti og einu sinni að vori.

Litla teymið er aðgerðamiðað og í því sitja 12 einstaklinga sem flestir sitja einnig í Stóra teyminu. Fundir hjá Litla teyminu eru reglulegir svo auðvelt sé að hafa yfirsýn yfir stöðu mála frá mismunandi hornum samfélagsins. Einnig geta aðrar deildir og teymi innan bæjarins vísað málum til teymisins ef þurfa þykir.

Tveir forvarna- og félagsmálaráðgjafar eru í teymunum og eru tengiliðir við alla aðila, boða til funda með hvoru teymi fyrir sig ásamt því að halda utan um dagskrá, stýra fundum og sjá til þess að fundargerðir séu haldnar.

Haustfundur var haldinn 19. september. Það kom meðal annars fram að í Hlíðarskóla væru 20 nemendur í 3.- 10. bekk. Meirihluti á yngsta og miðstigi. Helstu ástæður þess að þau eru í skólanum eru vVeikt bakland, vægar skerðingar, skólaforðun, vanlíðan og kvíði. Á biðlista eru 2-5 nemendur. Úrræðið Skólasmiðja sem Félag, skóladeild og fjölskyldudeild standa að hefur létt á skólanum.

Skólahjúkrunarfræðingar greina frá vanlíðan hjá allt niður í yngstu börn grunnskólans. Andleg vanlíðan stærsti vandinn og þau hafa mikla þörf fyrir fullorðinn einstakling sem gefur sér tíma til að hlusta á þau og ræða við þau en ekki til þeirra.

Í framhaldsskólanum urðu þær breytingar að nú starfar enginn sálfræðingur í VMA en ráðinn hefur verið sálfræðingur í MA í 60-70% stöðuhlutfall. Af þessu er þónokkrar áhyggjur.

Í ungmennahúsinu er í góðu samstarfi við Vinnumálastofnun, Fjölsmiðjuna og framhaldsskólana. Þessir aðilar hjálpast að við að fylgjast með brottfalli úr framhaldsskólum og aðstoða þá nemendur sum þurfa á því að halda.

Fræðslustjóri telur að tala þurfi hreint og beint við foreldra um vanlíðan barna og hvetja þau til að vera vakandi heima og ræða við börnin sín um líðan þeirra. Vanlíðanin stafi í mörgum tilfellum af umgjörðinni í kringum börn en ekki vegna skólans. Skólinn geti ekki borið alla ábyrgð í þessum málum.

Mikil ásókn er í Skólasmiðju. Minni virkni og þátttaka hjá börnum í skóla og tómstundum helsta vandamálið auk félagslegra aðstæðna.

Forvarna- og félagsmálaráðgjafar telja að í upphafi vetrar sé hópamyndun unglunga í bænum minni en síðasta vetur, amk. ekki eins áberandi. Fylgst er með hópnum og erum við í náinni vinnum með nokkrum unglungum sem tilheyra hópnum. Vinna síðasta árs, með klúbbstarfi hefur orðið til þess að nokkrir einstaklingar slitu sig frá hópnum.

Kvíði og almenn vandræðagangur að vera unglingur er ávallt á yfirborðinu og vinna forvarna- og félagsmálaráðgjafar í nánú samstarfi við námsráðgjafa, stjórnendur og kennara skólanna til að fylgjast með þeim sem eru óvirkir eða sýna einkenni depurðar. Síðustu misseri hefur persónuleg ráðgjöf því stóruaust og aðgengi unglunganna að starfsmönnum aukist í kjölfarið og sér í lagi vegna samfélagsmiðla sem bjóða upp á að hægt sé að hafa samband hvar sem er og hvenær sem er.

Ákveðið er að bíða átektu og sjá hvernig veturinn fer af stað hjá börnum og unglungum sveitarfélagsins og kalla þá til fundar litla forvarnateymis ef þörf þykir. Sú þörf fór vaxandi eftir því sem leið á veturinn og í upphafi árs 2017 eru forvarna- og félagsmálaráðgjafar að skoða fjölda þeirra ungmenna sem þarf að huga sérstaklega að og skoða hópstarf sem miðar að stúlkum annars vegar og drengjum hinsvegar.

Fjölmíðlasamskipti

Fjölmíðlanefndin sem sett var 205 sem hefur það hlutverk að vera í samskiptum við fjölmíðla með það fyrir augum að ná til fleiri einstaklinga í samfélaginu með forvarnarstarf í huga. Leitast hefur verið við að virkja fólk til þess að líta á velferð barna og ungmenna sem

sameiginlegt verkefni allra. Yfir jólahátíðina 2015 - 2016 var til að mynda lögð áhersla á mikilvægi samverustunda með fjölskyldunni. Áframhaldandi vinna felur m.a. í sér útgáfu dagatals á haustmánuðum þar sem fram koma þær fræðslur sem í boði verða ásamt viðburðum Félak sem unglíngum stendur til boða. Dagatal þetta kom loks út í byrjun árs 2017 og var borið út á öll heimili í sveitarfélaginu.

Samstarf er við Ásprent Stíl um að auglýsa viðburði á vegum Félak og fræðslur sem eru hugsaðar fyrir foreldra til að auka sýnileika forvarna og félagsstarfs.

Félagsmiðstöðvarstarf Félak

Dagstarf

Daglegt starf felur í sér almennan undirbúning fyrir allt starf Félak. Þar með talin opin hús, sértækt starf og forvarnir. Til að mynda funda forvarna- og félagsmálaráðgjafa vikulega um áætlanagerð, fræðslu og íhlutun forvarna. Auk þess fundar fasta starfsfólk Félak vikulega um starfið almennt og skipuleggur starfið í sameiningu.

Umsjónamenn félagsmiðstöðvanna eru auk þess með viðveru í sínum skólum einu sinni í viku í tvo tíma í senn. Á þeim tíma fundar umsjónarmaður með námsráðgjafa og öðrum starfsmönnum, eftir því hvað við á og ræðir við börn og unglínga í frímínútum til að auka tenginguna við þau og hvetja til mætingar í félagsmiðstöðina. Það kemur reglulega fyrir að unglíngar leiti til umsjónarmanns á meðan viðveru stendur.

Félagsmálafræðival

Í hverjum skóla á Akureyri er boðið upp á valgrein sem heitir félagsmálafræði fyrir nemendur í 9. – 10. bekk. Fjöldi nemenda í valgreininni er um 15 – 24 í hverjum skóla. Meðal verkefna vetrarins eru kompás mannréttindafræðsla, ræðuhöld, hópefli, sjálfsstyrking, skipulagning félagsmiðstöðvar viðkomandi skóla og viðburðarstjórnun.

Í samráði við nemendur var haldin fjáröflun til styrktar Vinum Kambódíu, sem er íslenskt félag sem stuðlar að aukinni menntun bágstaddra barna í Kambódíu. Markmiðið var að ná að safna fyrir rekstri á grunnskóla fyrir fátækustu börnin í heilt ár. Markmiðið náðist ekki að fullu en alls söfnuðust 222.000 kr. á Góðgerðarkvöldi sem haldið var 13. jan 2017.

Ungmennaráð

Í Ungmennaráði eru 11 ungmenni sem hafa m.a. það hlutverk að vera sveitarstjórnun til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Þannig gefst ungmennum bæjarins tækifæri til að láta rödd sína heyrast á grundvelli æskulýðslaga nr. 70/2007.

Tilgangur ungmennaráðs á Akureyri er annars vegar að veita ungmennum fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og hins vegar að skapa vettvang og leiðir til þess að gera ungmennum kleift að koma hugmyndum og skoðunum sínum á framfæri m.a. við kjörna fulltrúa sveitarfélagsins.

Ungmennaráð fundar einu sinni í mánuði yfir vetrartímam. Starfsfólk Félak, Linda Björk Pálsdóttir og Anna Guðlaug Gísladóttir sitja fundina með ungmennunum, aðstoða

ungmennin við að koma málum í farveg og styðja við þau í sínum störfum. Ungmennaráðið tekur til umfjöllunar málefni sveitarfélagsins hverju sinni og þau málefni sem brenna á ungafólkinu.

Akureyrarbær og UNICEF á Íslandi skrifuðu í haust undir samstarfsyfirlýsingu þess efnis að Akureyrarbær verði fyrsta barnvæna sveitarfélagið á Íslandi. Ungmennaráðið tekur virkan þátt í því verkefni en innleiðingafærið tekur um tvö ár. Fulltrúar ráðsins sitja m.a. í stýrihóp vegna innleiðingarinnar. Ráðið á einnig fulltrúa í ungmennaráði Menntamálastofnunar Íslands.

Klúbbaval

Í vetur bauð Félagsmiðstöðin Tróju upp á valgreininna stelpuvall. Valgreinin er hugsuð sem athvarf fyrir unglinga sem þurfa á félagslegri styrkingu og tengingum að halda vegna ýmissa orsaka.

Verkefnin eru af öðrum toga og minni ábyrgð en fylgir félagsmálafræðivalinu. Unglingarnir eru með mjög misjafnar þarfir og það sem einum finnst auðvelt verkefni getur reynst öðrum þungt. Í stelpurvali eru stúlkur úr Brekku- og Lundarskóla.

Með aðstoð námsráðgjafa skólanna eru unglingarnir í Klúbbavalinu blanda af félagslega sterkum unglingum og öðrum sem hafa átt erfitt með að mynda félagsleg tengsl við jafningja og teljast til áhættuhóps.

Miðstig - opið hús

Miðstigsopnanir eru fyrir börn í 5. – 7. bekk. Þær eru í eina og hálf klukkustund í senn í hverri félagsmiðstöð. Það er misjafn eftir félagsmiðstöð hve oft í mánuði slíkar opnanir eru, en oftast að minnsta kosti tvisvar og mest fjórum sinnum.

Á heildina litið var mætingin í klúbbinn í þorpinu góð en misjöfn eftir skólum. Bæði í Stjörnuríki og Himnaríki var ákveðið að bæta í með mistigsopnanir og voru þær einu sinni í viku og þá strax eftir skóla. Skoðað er með breytingu á vorönn þar sem mætingin var eins góð og búist var við.

Ásamt umsjónarmönnum hafa nemendur valgreinarinnar félagsmálafræði mætt til þess að sjá um opnanirnar sem ganga út á að tengja þennan aldursóp við félagsmiðstöðina og eru skipulagðir viðburðir sem höfða til sem flestra.

Í Tróju var hún heldur dræm á köflum og næsta vetur ætla umsjónarmenn m.a. að leggja meiri áherslu á að koma í bekkina og kynna starfið fyrir þeim því börn eru gjörn á að gleyma.

7. bekkur - opið hús

Til að koma til móts við nemendur í 7. bekk grunnskólanna var ákveðið að hafa sérstaka opnun fyrir þau í Tróju. Ástæðan er sú að þau eru á ákveðnum tímamótum í sinni skólagöngu, eru elst í miðstiginu en ekki enn gjaldgeng á unglingsstigið. Mæting var mjög góð haustið 2016.

Kvöldstarf – opið hús

Kvöldstarf telst til hefðbundinna opinna húsa og klúbba sem eru í tvær klukkustundir í einu og geta unglingar sótt það fjögur kvöld vikunnar í mismunandi félagsmiðstöðvum. Kvöldstarfið er eins og annað opið starf að nokkru leyti í höndum nemenda í félagsmála-fræðinni undir handleiðslu umsjónarmanns hverrar félagsmiðstöðvar.

Í flestum félagsmiðstöðvum voru svo kallaðir rúllandi klúbbar í upphafi skólaárs. Hugmyndin er að í hverjum mánuði komi nýtt þema og fá krakkarnir að kjósa á milli hugmynda um hvernig klúbb þau vilja hafa. Septembermánuður var helgaður 8. bekknum til að bjóða þau sérstaklega velkomin á opnanir og kynna starfið enn betur fyrir þeim. Í október hófust svo stelpu- og strákaklúbbar sem standa öllum á unglिंगastigi til boða. Markmið klúbbanna er að efla sjálfsmynd unglिंगanna og auka tómstundar-meðvitund þeirra. Í gegnum stelpu- og strákaklúbbana myndast ákveðið andrúmsloft sem erfitt er að mynda þegar hópunum er blandað. Sú ákvörðun um að hafa ekki rúllandi klúbba var algerlega gerð í samráði við unglिंगana. Í Tróju hefur verið ákveðið að hafa klúbb fyrir 8. bekk á miðvikudagskvöldum.

Stærri viðburðir Félak

Viðburðastjórnun er ríkur þáttur í starfi starfsfólks Félak. Yfir veturinn er að meðaltali einn slíkur viðburður í mánuði og þá er að mörgu að huga. Þegar ferðast er utan bæjarins þurfa unglिंगarnir að koma með leyfisbréf að heiman, gera þarf ráðstafanir um ferðaskostnað, mat og oftast en ekki gistingu. Leitast er eftir að ferðirnar hafi sem minnst áhrif á fjárhag heimilanna og bjóða umsjónarmenn félagsmiðstöðvanna unglिंगunum oftast en ekki uppá fjárflyg til að standa straum af kostnaði.

Amazing Race

Valdagurinn að þessu sinni var haldinn í Rósenborg þann 13. september 2016. Um 90 ungmenni úr félagsfræðivalinu í grunnskólum Akureyrar tóku þátt. Hópnum var hrist saman með því að halda Amazing Race keppni þar sem krakkarnir skiptu sér í lið og þurftu að fara víða um bæinn til að framkvæma þrautir og safna þannig stigum. Krakkarnir þurftu svo að vera mættir á ákveðnum tíma í Rósenborg þar sem við tók pizzuveisla, verðlaunaafhending og almenn kynning á starfi vetrarins. Unglिंगarnir kusu sér fulltrúa til kosningar í Ungmennaráð Samfés eftir framboðsræður frambjóðenda. Kosin voru Embla Blöndal og Anna Kristjana Helgadóttir.

Landsmót Samfés

Landsmót Samfés var að þessu sinni haldið í Kópavogi helgina 30. september – 2. október. Þátttakendur voru um 330 unglingar, þar af um 35 frá Akureyri. Markmið landsmótsins er að unglingar hafi vettvang til að mynda tengsl og fá nýjar hugmyndir sem hægt er að nýta í starfi sinna félagsmiðstöðva. Á Landsmóttinu er boðið upp á 14 valdeflingarsmiðjur og 13 afþreyingarsmiðjur.

Hrekkjavaka

Hrekkjavökunni var fagnað 31. október í Undirheimum en sú hefð hefur skapast að halda hana hátíðlega. Að þessu sinni var ákveðið að hafa lokað í öðrum félagsmiðstöðvum og fjölmenna í Undirheima. Óhætt er að segja að það hafi gengið mjög vel því yfir 100 unglingar mættu, margir í búning og allir í þeim tilgangi að skemmta sér vel. Unglingar úr Undirheimum höfðu eytt töluverðum tíma í undirbúning og voru stoltir og ánægðir með sitt framlag.

Norðurlandsmót

Norðurlandsmótið var haldið 4-5 nóvember síðastliðinn í Rósenborg á Akureyri í samvinnu við félagsmiðstöðvarnar á Húsavík og Dalvík. Öllum nemendum í 8. bekk á Akureyri, Húsavík og Dalvík stendur til boða að taka þátt og samtals voru það 70 í krakkar sem tóku þátt. Markmið Norðurlandsmótsins er að skapa vettvang fyrir þennan aldurshóp í sambærilegu sniði og Landsmót Samfés.

Söngkeppni Félak

Söngkeppni Félak fór fram í Naustaskóla 8. desember. Í heildina voru 14 atriði sem tóku þátt og komust 5 atriði áfram á NorðurOrg, söngkeppni Norðurlands. Viðburðurinn gekk vel og mættu um 160 áhorfendur. Utanaðkomandi dómarmar voru fengnir til aðstoðar, þeir voru: Kristín Tómasdóttir, Rannveig Júlía Sigurpálsdóttir og Sindri Snær Konráðsson

Stulli

Stulli er stuttmyndahátíð fyrir ungmenni á aldrinum 14 – 25 ára og er samstarfsverkefni sveitarfélaga á Eyþingssvæðinu. Verkefnið er tvíþætt annars vegar námskeið, þar sem ungmennin læra um allt sem viðkemur gerð stuttmynda s.s. gerð handrita, kvikmyndatöku, klippingar og margt fleira og hinsvegar stuttmyndahátíð sem vanalega er haldin í apríl.

Keppt í tveimur flokkum, annars vegar í opnum flokki þar sem viðfangsefnið er frjálst og hinsvegar í þema flokki. Þemað fyrir árið 2016 er stórmynda parody eða grín útfærslur á stórmyndum.

Haldið var námskeið í lok október til undirbúnings fyrir öll þau ungmenni sem hafa áhuga á stuttmyndagerð og þátttöku í keppninni. Að auki mun verða boðið upp á námskeið eða vinnustofu í sumar þar sem unnið er að því að gera stuttmyndir fyrir hátíðina sem haldin verður í ágúst að þessu sinni. Þátttaka á námskeiðinu var ágæt. Elvar Arnar Egilsson var leiðbeinandi og 15 ungmenni tóku þátt.

Sértækt starf

Félag heldur úti yfirgripsmiklu starfi fyrir utan beint forvarnarstarf og hinar hefðbundnu opnanir félagsmiðstöðva. Þar á meðal er hópastarf, klúbbar og skólasmíðja. Mikill hluti þessa starfs er nýr af nálinni. Það er tilkomið vegna þarfa og beiðna frá skólum og samfélaginu í heild.

Klúbbar

5. – 6. bekkjar klúbbur og 7. bekkjar klúbbur

Markmið klúbbanna er að veita börnum félagslegan stuðning ásamt sjálfsstyrkingu, tómstundakynningu með áherslu á þátttöku og virkni. Umsjónarkonur klúbbanna voru Lóa og Fanney sérfræðingar í félagsmálum barna.

Nemendum í klúbbunum er boðin þátttaka með aðstoð skólanna og hafa umsjónarkonur samband við námsráðgjafa hvers skóla og umsjónarkennara til þess að ná til þeirra barna sem þurfa hvað mest á félagslegri aðstoð að halda. Nemendum úr Hlíðarskóla var einnig boðin þátttaka en voru ekki með að þessu sinni.

Klúbbarnir voru fimm í haust, þrír fyrir 5. og 6. bekk og tveir fyrir 7. bekk, og að meðaltali 7- 8 börn í hverjum klúbbi. Hver klúbbur hittist einu sinni í viku og var aðsókn í hópana misjöfn eftir skólum.

Umsjónarkonur sáu um dagskrárgerð sem var að mestu byggðar upp úr mannréttindahandbókinni Kompás, sem inniheldur fjölbreytileg verkefni sem gefa börnum meðal annars tækifæri til að setja sig í spor annarra, í bland við venjulegt félagsmiðstöðvar starf.

Könnun var lögð fyrir foreldra í byrjun desember og þar kom í ljós að 84% sögðu að ástæða þess að barnið væri í klúbbnum væri að það þyrfti á félagslegri styrkingu að halda, 74% sögðu það vegna þess að barnið þyrfti á sjálfsstyrkingu að halda og 42% vegna vanlíðan barnsins. Hægt var að velja fleiri en einn svarmöguleika þannig að ljóst er að börnin sem koma í sértækt hópastarf eiga oft erfitt bæði félagslega og með sína líðan, enda helst það oft í hendur.

Þegar foreldrar voru spurðir um hvort þeir hefðu orðið varir við breytingar á líðan barns með þátttöku í klúbbnum kom í ljós að tæplega 70% höfðu orðið varir við jákvæðar breytingar á líðan barnsins en hins vegar höfðu einungis 10% orðið varir við jákvæðar breytingar á félagslegri stöðu þess. Það er því ástæða til að leggja meiri áherslu á leita leiða til að börnin nái að yfirfæra félagslegu virkni sína í klúbbnum yfir á daglegt líf.

Sömu sögu er að segja um börnin sjálf en 82% þeirra voru mjög jákvæð eða jákvæð gagnvart klúbbnum í lok annar. Þegar foreldrar eru spurðir hvort þeir sjái fyrir sér að nýta klúbbinn aftur eftir áramót eru aðeins 10% sem segjast ekki ætla að gera það.

Erfitt reyndist að fá skráningar í suma klúbbana og var þátttaka misgóð eftir skólum. Til að bregðast við því hversu lítil skráning kemur frá sumum skólum hefur verið tekin ákvörðun um að breyta fyrirkomulaginu eftir áramót og auglýsa þá klúbbana opinberlega og

óska eftir umsóknum og verður síðan valið úr umsóknum í samráði við starfsfólk skólanna, sem þekkja börnin. Klúbbarnir verða einnig fleiri til þess að reyna að koma í veg fyrir að börnin gleymi að mæta í klúbb og auðvelda aðgengi þeirra að klúbbnum.

Tóti tölvuhópur

Í ljósi þess að leiði og neikvætt viðhorf til tómsunda eru mestu áhættumerki gagnvart því að mynda tölvuleikjafíkn myndaði Félag klúbbastarf fyrir unglingsdrenge sem sýna þessi einkenni. Markmið verkefnisins er að minnka leiða hjá þessum einstaklingum, efla sjálfsmýnd þeirra og auka þátttöku í öðru tómsundastarfi eins og til dæmis félagsmiðstöðinni, íþróttum eða listnámi.

Verkefnið var stofnað sem samstarfsverkefni milli Félag og grunnskóla Akureyrar. Námsráðgjafi í hverjum grunnskóla sendir upplýsingar um klúbbinn til foreldra sem geta óskað eftir að þeirra barn fái að taka þátt í verkefninu. Einnig er send fyrirspurn til umsjónar-kennara hvort einhverjir nemendur þeirra sýni einkenni tölvufíknar. Umsjónar-kennarar koma sínum ábendingum til námsráðgjafa sem hafa samband við foreldra til að bjóða upp á þátttöku í verkefninu.

Einn Tótaklúbbur var starfræktur sem allir skólar höfðu aðgang að, hver hópur spannar sex vikna tímabil og fóru fram tveir slíkir hópar á haustönn. Í hvorn hópinn voru 15 strákar skráðir og þrátt fyrir að mæting hafi annars lagið verið ábótavant voru þeir strákar sem mættu mjög ánægðir og virkir í starfi. Mikilvægt er að þátttakendur upplifi sig velkomna og að öll samskipti séu örugg og var því miðast við að afþreyingar dagskránnar hvöttu til og reyndu á samskipti.

Klúbbarnir gengu vel og töluverð eftirspurn er um endurskráningu strákanna sem sýnir fram á almenna ánægju meðlima og foreldra með starfið. Dæmi er um að skráður aðili sé ekki fær um að nýta sér úrræði klúbbsins og þarf sennilega á annarskonar stuðningi að halda sem og er í farveg.

Búi

Félag er í samstarfi við Búsetudeild um klúbbastarf sem miðar að einstaklingum sem eiga inni umsókn um liðveislu hjá deildinni. Í byrjun hausts voru klúbbarnir tveir, *Búi eldri* fyrir 13 – 15 ára unglinga og *Búi yngri* fyrir 10 – 12 ára börn. Tilvísunarástæða er félagsleg einangrun og vanlíðan. Þátttakendur eru oft vinalausir, einangraðir og með verulega slaka félagsfærni, verða fyrir eða hafa orðið fyrir einelti, eru óvirkir í samfélaginu og óframfærnir, hafa lítið sjálfstraust og neikvæða sjálfsmýnd. Hluti af þátttakendum er með kvíða og/eða þunglyndiseinkenni auk þroskaraskana. Skólaumhverfið er erfitt fyrir marga bæði námslega og félagslega. Geta þátttakendanna er því þannig að þeir geta ekki nýtt sér þátttöku í tómsundastarfi og öðru sem þroskar einstaklinginn til jákvæðra félagslegra samskipta og heilsusamlegra lífs.

Meginmarkmið starfsins er að efla félagsþroska, sjálfstraust og jákvæða sjálfsmýnd unglinganna. Náist markmiðin hefur það ótvírætt forvarnargildi, bæði hvað varðar neyslu vímugjafa og/eða þróun geðrænna erfiðleika síðar á ævinni. Auk þess dregur það úr félagslegri einangrun og eykur líkur á virkri þátttöku unglinganna í samfélaginu í framtíðinni. Dagskráin miðar að þörfum og getu þátttakenda.

Til að meta starfið var send könnun á alla foreldra. Allir voru frekar ánægðir eða ánægðir með dagskrá hópastarfsins, upplýsingaflæði á milli umsjónarfólks og foreldra. Allir

nema einn greindu frá því að barni þeirra leiddist mjög oft en allir töldu að það væri mjög mikil þörf á þjónustu sem þessari fyrir börn á þessum aldri. Þegar foreldrar voru spurðir að upplifun barnanna af hópstarfinu var hún ýmist góð eða frekar góð.

Búi hefur gengið vel í vetur, þátttakendur hópsins eru ánægðir og samskipti innan hópsins hafa verið góð. Vegna dræmrar þátttöku var ákveðið að sameina yngri og eldri hópinn og búa til nýjan hóp fyrir stelpur sem kallast Regnbogaliljur og er uppi í Giljaskóla. Samvinna við aðrar deildir og foreldra gekk vel og samkvæmt könnun nýttist úrræðið á þann hátt sem því er ætlað.

VIP (Very Important People)

Í vor fór af stað hugmynd um að búa til klúbb fyrir börn sem búa ekki við jöfn tækifæri og önnur börn. Staðreyndin er sú að fjöldi barna þarf á stuðningsforeldrum og/eða jafnvel fósturforeldrum að halda, búa við aðstæður sem gerir það að verkum að tækifæri þeirra eru ekki til jafns á við tækifæri annarra barna. Foreldrar vilja vel og gera sitt besta en sumir hafa ekki möguleikann á að veita börnum sínum það sem hjá öðrum börnum þykir sjálfsgagt. Má þar sem dæmi nefna að fara á leikhússýningar, tónleika, bíó, keilu, út að borða, stuttar ferðir eða jafnvel helgarferð til Reykjavíkur. Þessi börn búa einnig gjarnan við lélega sjálfsmynd og er markmiðið einnig að styrkja sjálfsmynd þeirra og opna augu þeirra fyrir öllum þeim möguleikum sem þau hafa í lífinu.

Með þetta að leiðarljósi var haft samband við Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar og barnavernd og óskað eftir samstarfi. Því var vel tekið og völdu þau þátttakendur í klúbbinn. Í upphafi voru þátttakendur 8, fjórir strákar og fjórar stelpur en fljótlega hætti einn strákanna við að taka þátt. Klúbburinn hefur því verið samansettur af 7 börnum í haust.

Þessi klúbbur er hugsaður þannig að börnin fái að kynnast öllu því frábæra og skemmtilega sem í boði er, sem þarf ekki að vera nema í formi samveru við aðra krakka og fullorðna eða að gera eitthvað stærra og meira. Mörg fyrirtæki hafa lagt okkur lið og boðið þjónustu sína og með þeirra aðstoð höfum við haft tækifæri til að fara ferð í Hrisey, út að borða, bíó, leikhús, prófað krullu, skorið út grasker svo fátt eitt sé nefnt.

Ekki hefur verið lögð könnun fyrir foreldra þar sem klúbburinn heldur áfram eftir áramótin og því verður starfið tekið saman í vor.

Skólasmiðja

Skólasmiðja er úrræði sem unnið er í samvinnu með barnavernd, skóladeild, fjölskyldudeild og grunnskóla bæjarins. Starfshópur sem skipaður er fulltrúum þessara deilda hefur umsjón með starfinu, tekur við umsóknum og fylgist með gangi mála.

Markmið Skólasmiðju er að mæta þeim nemendum sem glíma við mikinn skólaleiða, hafa litla skólasókn og hafa sótt önnur úrræði án árangurs. Skólar senda inn umsókn fyrir nemenda sem sækir þá sína skólagöngu í Rósenborg einn til þrjá daga í viku. Í stað hins hefðbundna skólaramma er frelsið í Rósenborg meira auk þess að meira næði gefst til náms og einstaklingsþjónustu.

Starfsmaður Félak sinnir nemendanum og vinnur verkefni með honum, hver sem þau eru; hefðbundið nám úr skólanum, mála, mósaík, leirnámskeið og önnur handavinnu verkefni. Markmiðin eru að mæta nemandanum þar sem hann er staddur, auka jákvæða upplifun með fullorðnum, mynda traust tengsl og reyna að tengja nemandann öðrum hópum innan félagsmiðstöðvarinnar. Eins og gefur að skilja eru þátttakendurnir í erfiðri stöðu, námslegri og/eða félagslegri og er framgangur í málum því oft á tíðum á reki.

Það er niðurstaða starfshóps Skólasmiðjunnar að flestir þeirra sem sóttu úrræðið líður betur, nýta sér starfið bæði innan sem utan Skólasmiðjunnar og eru í jákvæðri uppbyggingu. Nemendurnir eru á misjöfnum stöðum og fíkra sig á sínum hraða upp þrepastigann sem útbúinn hefur verið fyrir Skólasmiðjuna og hafður er til hliðsjónar fyrir starfsfólk Félak og starfshóp úrræðisins um árangur nemandans. Þörfin er greinileg og úrræðið einsdæmi og færri komust að en sótt var um fyrir.

Í Skólasmiðju í vetur voru 7 nemendur sóttu skólaúrræðið úr fimm skólum bæjarins. Utan um hvern nemenda er skipað teymi sem í sitja fulltrúi úr skóla nemandans, starfsmaður barnaverndar og starfsmaður Félak. Teymið skiptist á upplýsingum um nemandann og vinnur þannig saman að betri líðan og árangri hans. Markmiðin eru misjöfn enda unnin út frá hverjum og einum nemanda. Í vetur hefur mikill árangur náðst með flesta unglinga sem notið hafa þessarar þjónustu og sterk tengsl myndast á milli unglings og forvarna- og félagsmálaráðgjafa.

Persónuleg ráðgjöf

Starfsfólk Félak sinnir ýmsum störfum og þar á meðal má telja persónulega ráðgjöf. Misjafnt er hvort unglingurinn sjálfur, foreldrar, starfsmaður skóla eða félagsmiðstöðva eigi frumkvæði að samtali og frekari ráðgjöf. Vandamálín geta verið af ýmsum toga s.s. samskiptavandi á heimili eða skóla, persónuleg vandamál, neysla, kynáttunavandi eða andleg vanlíðan.. Ef ástæða þykir til hefur starfsfólk samband við barnavernd.

1, 5, 8 Foreldrakynningar

Í Velferðaráætlun Akureyrar kveður á um að kynna skuli foreldrum mikilvægi foreldrasamstöðu. Vilborg Hjörný Ívarsdóttir var með fræðslu og umræður fyrir foreldra barna í 1 bekk, 5 bekk og 8 bekk í grunnskólum bæjarins, einnig í Hrísey. Markmiðið var að hvetja foreldra til frekara samstarfs sín á milli, benda þeim á hversu öflugir þeir geti verið sem hópur og sér í lagi ef upp koma mál sem krefjast samvinnu þeirra í milli sem þau hafa betri tæk á að takast á við en kennarar. Tilhneigingin er oft sú að leita lausna hjá skólanum en þarna voru foreldrar hvattir til að grípa inn í strax áður en mál fá að þróast og verða stór og mikil.

Hlutverk bekkjarfulltrúa var einnig rætt og áhersla lögð á hversu mikilvægir þeir eru í að efla samskipti milli foreldra og hversu góður vettvangur bekkjarkvöld séu fyrir foreldrana alla. Í upphafi áttu þessar kynningar að vera um 20 mínútur. Hins vegar breyttust þeir fljótt í 1 og hálf til 2ja tíma fundi með umræðum.

Mikil ánægja var með fundinn og voru þeir flestir mjög vel sóttir.

Aðstoð í unglingabekk á Brekkunni

Leitað var til Vilborgar Hjörnýjar Ívarsdóttur vegna vanda í bekk á unglingastigi þar sem samskipti voru slæm á milli unglings og trufluðu skólastarf verulega. Þessi vandi var ekki nýr af nálinni og flestra leiða hafði verið beitt til að koma á vinnufriði og betri samskiptum.

Vilborg hitti nemendurna einu sinni í viku, í 80 mínútur í senn í 8 vikur. Þó vandinn sé ekki með öll leystur eftir þá vinnu hafa bæði nemendurnir sjálfir og umsjónarkennarar lýst yfir ánægju sinni og greint frá betra andrúmslofti og vellíðan.

Aðstoð í bekkjum í Þorpinu

Leitað var til Dagnýar Bjargar Gunnarsdóttur vegna vanda í bekk á miðstigi þar sem samskipti voru slæm á milli drengjanna og trufluðu skólustarf verulega. Vandinn var sérstaklega slæm samskipti þeirra á milli, virkilega ljótt orðbragð og framkoma bæði við hvorn annan, stúlkurnar í bekknum og starfsmenn skólans. Þessi vandi var ekki ný til kominn og hafði ýmislegt verið reynt í þeim tilgangi að koma á vinnufriði og betri samskiptum.

Dagný hitti nemendurna einu sinni í viku, í 80 mínútur í senn í 10 vikur. Vandinn er sannarlega ekki leystur að fullu en margir drengjanna hafa talað um betri líðan ásamt því að orðbragð hefur skánað.

Í öðrum bekk á miðstigi hefur Ólafía Kristín Guðmundsdóttir (Lóa) komið inn í bekkjarkennslu í svipuðum tilgangi og Dagný. Starfsfólk skólans hafði orðið vart við verulega niðrandi tal og mikla fordóma og hafði Lóa sjálf frumkvæði að því að koma nokkrum sinnum inn í bekkinn og vera með ýmis verkefni í þeim tilgangi að fá bekkinn til þess að bæta sína framkomu gagnvart hvert öðru.

Aðstoð við heimili og skóla

Með lögum um skólaskyldu barna á Íslandi og breytingum í samfélaginu síðustu áratugi eru hlutverk skóla og heimila óskýrari en áður. Af þeim sökum hefur starfsfólk grunnskóla í auknum mæli þurft að takast á við vanda sem skapast utan skólatíma. Að hluta til því nemendur og foreldrar draga ósætti inn í þeirra vinnu og ætlast til þess að kennara og annað starfsfólk aðstoði þau við að leysa vandann. Foreldrar eru hins vegar í kjöraðstæðum til að leysa ýmis þau vandamál sem á borð skólanna koma. Í því skyni leituðu þrír ólíkir skólar til starfsfólks Félak í vetur þar sem utanaðkomandi aðilar eiga oft á tíðum auðveldara með að nálgast málefni af hlutleysi.

Lokaorð Félak

Félak heldur úti viðamiklu starfi fyrir börn og unglunga á Akureyri. Eins og lesa má úr þessari skýrslu er starf forvarna- og félagsmálaráðgjafa umfangsmikið og heldur áfram að þróast í samstarfi við unglunga, foreldra og aðrar deildir Akureyrarbæjar. Aukin áhersla er á sérstæk verkefni og beiðnir frá skólum og öðrum stofnunum um aðstoð og aðkomu aukist til muna. Það starf hefur þróast og skilað árangri í gegnum samvinnu umsjónarfólks sem hefði annars ekki orðið ef starfið væri innan skólanna. Það er mikilvægt fyrir forvarna- og félagsmálastarf að hafa vettvang og aðstöðu til að þróa starf sitt og stuðla að fagmennsku í hvívetna. Óskir starfsfólks skóla til forvarna- og félagsmálaráðgjafa hefur verið svo mikil undanfarin misseri að ekki hefur gefist ráðrúm til sinna þeim öllum þar sem stöðugildi Félak eru of fá miðað við verkefni. Nú þegar sérstæk verkefni hafa myndað svo stóran sess í starfi Félak er ekki hægt að slá slöku við og stefnir starfsfólk ótrautt áfram að stuðla að velferð og vellíðan barna og unglunga.

Hið almenna starf, sem lengi hefur einkennt félagsmiðstöðvastarf og flestir tengja við frá sínum unglingsárum er þó enn ekki síður mikilvægt en áður. Þeir unglingar sem virðast standa vel félagslega þurfa einnig aðstoð á þessum tímamótum og er því mikilvægt að styrkja samband þeirra við fagfólk Félak. Almenna starfið er í raun forvarnastarf í mjög víðu samhengi þar sem unglingarnir tilheyra hóp og fá innan þess hóps, undir handleiðslu fagaðila að þroskast og auka félagshæfni sína sem aftur nýtist þeim í samskiptum framtíðarinnar.

Aðsóknartölur Félak

Opið Starf

Trója

Trója - ágú/sept	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	385	326	711
Opið miðstigsstarf	33	34	67
Félagsmálafræði	131	136	267
Klúbbakvöld	14	11	25
Annað			0
Samtals	432	371	803

Trója - október	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	433	386	819
Opið miðstigsstarf	102	118	220
Félagsmálafræði	90	111	201
Klúbbakvöld	45	53	98
Annað			0
Samtals	580	557	1137

Trója - nóvember	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	359	368	727
Opið miðstigsstarf	91	89	180
Félagsmálafræði	96	111	207
Klúbbakvöld	23	29	52
Annað			0
Samtals	473	486	959

Trója - desember	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	98	110	208
Opið miðstigsstarf	18	15	33
Félagsmálafræði	46	69	810
Klúbbakvöld			0
Annað			0
Samtals	116	125	241

Trója - haust	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	1275	1190	2465
Opið miðstigsstarf	244	256	500
Félagsmálafræði	3600	4270	787
Stráka/stelpukl.	82	93	175
Annað			0
Samtals	1601	1539	3140

Dimmuborgir

Dimmuborgir - ágú/sept	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	74	61	135
Opið miðstigsstarf			0
Félagsmálafræði	44	36	80
Stráka/stelpuklúbbar	39		39
Annað			0
Samtals	157	97	254

Dimmuborgir - október	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	72	52	124
Opið miðstigsstarf	20	23	43
Félagsmálafræði	44	36	80
Stráka/stelpukl.	26	24	50
Annað			
Samtals	162	135	297

Dimmuborgir - nóvember	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	73	77	150
Opið miðstigsstarf			
Félagsmálafræði	44	36	80
Stráka/stelpukl.	50	13	63
Annað			
Samtals	167	126	293

Dimmuborgir - desember	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	40	29	69
Opið miðstigsstarf			
Félagsmálafræði	22	18	40
Stráka/stelpukl.	13	8	21
Annað			
Samtals	75	55	130

Dimmuborgir - haust	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	259	219	478
Opið miðstigsstarf	20	23	43
Félagsmálafræði	154	126	280
Stráka/stelpukl.	128	45	173
Annað	0	0	0
Samtals	561	413	974

Himnaríki

Himnaríki - ágú/sept	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	71	76	147
Opið miðstigsstarf			0
Félagsmálafræði	27	58	85
8. bekkjarklúbbur	14	4	18
Annað			0
Samtals	112	138	250

Himnaríki - október	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	44	47	91
Opið miðstigsstarf	23	24	47
Félagsmálafræði	21	47	68
Stráka/stelpukl.	17	40	57
Annað			0
Samtals	105	158	263

Himnaríki - nóvember	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	55	69	124
Opið miðstigsstarf	38	37	75
Félagsmálafræði	32	75	107
Stráka/stelpukl.	33	47	80
Annað			0
Samtals	158	228	386

Himnaríki - desember	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	24	15	39
Opið miðstigsstarf	16	17	33
Félagsmálafræði	16	31	47
Stráka/stelpukl.	10	16	26
Annað			0
Samtals	66	79	145

Himnaríki - haust	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	194	207	401
Opið miðstigsstarf	77	78	155
Félagsmálafræði	96	211	307
Stráka/stelpukl.	74	107	181
Annað	0	0	0
Samtals	441	603	1044

Stjörnuríki

Stjörnuríki - ágú/sept	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	67	62	129
Opið miðstigsstarf	20	28	48
Félagsmálafræði	4	64	68
Klúbbakvöld - 8. bekkur	5	5	10
Annað	0	0	0
Samtals	96	159	255

Stjörnuríki - október	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	77	79	156
Opið miðstigsstarf	14	13	27
Félagsmálafræði	5	38	43
Klúbbakvöld	58	30	88
Annað	0	0	0
Samtals	154	160	314

Stjörnuríki - nóvember	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	82	75	157
Opið miðstigsstarf	11	14	25
Félagsmálafræði	4	48	52
Klúbbakvöld	61	61	122
Annað	0	0	0
Samtals	158	198	356

Stjörnuríki - desember	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	34	37	71
Opið miðstigsstarf	6	7	13
Félagsmálafræði	1	27	28
Klúbbakvöld	0	0	0
Annað	0	0	0
Samtals	34	37	71

Stjörnuríki - haust	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	260	253	513
Opið miðstigss tarf	51	62	113
Félagsmálafræði	14	177	191
Stráka/stelpukl.	124	96	220
Annað	0	0	0
Samtals	449	588	1037

Undirheimar

Undirheimar - ágú/sept	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	158	119	277
Opið miðstigsstarf	32	28	60
Félagsmálafræði	27	45	72
Útileikjaklúbbur	50	29	79
Annað	16	5	21
Samtals	283	226	509

Undirheimar - október	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	141	154	295
Opið miðstigsstarf	59	50	109
Félagsmálafræði	18	28	46
8.bekkjar klúbbur	34	10	44
Annað			
Samtals	252	242	494

Undirheimar - nóvember	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	101	103	204
Opið miðstigsstarf	47	41	88
Félagsmálafræði	34	66	100
Stráka/stelpukl.	10	25	35
8. bekkjarklúbbur	5	2	7
Samtals	197	237	434

Undirheimar - desember	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	30	38	68
Opið miðstigsstarf	12	14	26
Félagsmálafræði	13	22	35
Stráka/stelpukl.	11	15	26
Annað			0
Samtals	66	89	155

Undirheimar - haust	Strákar	Stelpur	Samtals
Opið hús	430	414	844
Opið miðstigsstarf	150	133	283
Félagsmálafræði	92	161	253
Stráka/stelpukl.	105	79	184
Annað	21	7	28
Samtals	798	794	1592

Sértækt Hópastarf

Klúbbastarf fyrir 5.og 6.bekk

5.og 6.bekkar klúbbur	Strákar	Stelpur	Samtals
Trója			
September	10	1	11
Október	26	3	29
Nóvember	28	4	32
Desember	10	3	13

Samtals	74	11	85

5.og 6.bekkjar klúbbur	Strákar	Stelpur	Samtals
Glerár- og Oddeyrarskóli			
September	1	3	4
Október	2	16	18
Nóvember	5	9	14
Desember	3	7	10
Samtals	11	35	46

5.og 6.bekkjar klúbbur	Strákar	Stelpur	Samtals
Gilja- og Síðuskóli			
September	1	5	6
Október	8	23	31
Nóvember	11	13	24
Desember	5	11	16
Samtals	25	52	77

Klúbbastarf fyrir 7.bekk

7. bekkjar klúbbur	Strákar	Stelpur	Samtals
Trója			
September	4		4
Október	16		16
Nóvember	3	17	20
Desember		11	11
Samtals	23	28	51

7.bekkjar klúbbur	Strákar	Stelpur	Samtals
Gilja- og Síðuskóli			
September	4	0	4
Október	18	0	18
Nóvember	6	0	6
Samtals	28	0	28

VIP

VIP	Strákar	Stelpur	Samtals
September	10	9	19
Október	9	10	19
Nóvember	7	4	8
Desember	5	9	14
Samtals	31	32	60

Búi - hópur fyrir stráka á einhverfurófi

Búi	Strákar	Stelpur	Samtals
September	5		5
Október	17		17
Nóvember	11		11
Desember	10		10
Samtals	43		43

Liljur - hópur fyrir stelpur á einhverfurófi

Búi	Strákar	Stelpur	Samtals
September		0	0
Október		0	0
Nóvember		10	10
Desember		14	14
Samtals		24	24